

**102. fundur Fræðslu- og frístundanefndar Fjallabyggðar
haldinn í fjarfundi
mánudaginn 6. september 2021 og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Guðrún Linda Rafnsdóttir, aðalmaður, I lista,
Diljá Helgadóttir, aðalmaður, H lista,
Helga Helgadóttir, formaður, D lista,
Ríkey Sigurbjörnsdóttir, deildarstjóri fræðslu- frístunda- og menningarmála.

Fundargerð ritaði: Ríkey Sigurbjörnsdóttir, deildarstjóri fræðslu-, frístunda og menningarmála.

Hólmar H. Óðinsson var fjarverandi og sömuleiðis Gauti Már Rúnarsson.

Fyrir var tekið:

1. Opnunartími íþróttamiðstöðvar vetur 2021-2022 - 2109007

Niðurstaða

Forstöðumaður íþróttamiðstöðvar sat undir þessum lið og fór yfir opnunartíma sundlauga og íþróttamiðstöðvar Fjallabyggðar í vetur. Fræðslu- og frístundanefnd felur forstöðumanni að skoða möguleika á lengri opnun 1-2 skipti í viku líkt og síðasta vetur.

2. Grunnskóli Fjallabyggðar skólastarf 2021-2022 - 2109008

Niðurstaða

Undir þessum lið sátu Erla Gunnlaugsdóttir skólastjóri Grunnskóla Fjallabyggðar og Brynhildur Reykjalin Vilhjálmsdóttir fulltrúi kennara. Skólastjóri fór yfir byrjun skólaárs í grunnskólanum. Nemendafjöldi grunnskólans er nú 211. Skólastarf fer vel af stað.

3. Innra mat í Grunnskóla Fjallabyggðar - 2102029

Niðurstaða

Undir þessum lið sátu Erla Gunnlaugsdóttir skólastjóri Grunnskóla Fjallabyggðar og Brynhildur Reykjalin Vilhjálmsdóttir fulltrúi kennara. Skólastjóri kynnti skýrslu um innra mat grunnskólans frá síðasta ári sem unnið er í samstarfi við Ásgarð ehf. (áður Trappa ehf.). Fræðslu- og frístundanefnd lýsir ánægju sinni með ítarlega og greinargóða skýrslu. Niðurstaða innra mats síðasta skólaárs er mjög jákvæð.

4. Frístund 2021-2022 - 2108042

Niðurstaða

Deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála fór yfir dagskrá og fyrirkomulag Frístundar á haustönn 2021. Frístund er samstarfsverkefni Fjallabyggðar, grunnskólans, íþróttafélaga og tónlistaskólans. Nemendum í 1.-4.

bekk gefst kostur á að sækja félagsstarf, íþróttæfingar eða tónlistarnám á tímabilinu kl. 13:35 - 14:35 eða strax að loknum skólatíma. Að Frístund lokinni tekur Lengd viðvera við fyrir þau börn sem það þurfa og er hún til kl. 16:00. Mjög góð þátttaka er í Frístund og hefur hún vaxið ár frá ári. Fræðslu- og frístundanefnd vill þakka þeim sem að Frístund koma frábært samstarf.

5. Starfsemi Neons 2021-2022 - 2109006

Niðurstaða

Deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála kynnti fundarmönnum fyrirhugað upphaf starfs í félagsmiðstöðinni Neon. Nýtt húsnæði Neon er ekki tilbúið til notkunar og mun Fjallabyggð framlengja leigusamning við Siglunes guesthouse og verður félagsmiðstöðin starfrækt á sama stað og undanfarin ár, fram að áramótum. Karen Sif Róbertsdóttir verður umsjónarmaður Neon í vetur og með henni eru sömu starfsmenn og síðastliðinn vetur.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15.

Guðrún Linda Rafnsdóttir

Diljá Helgadóttir

Helga Helgadóttir